



NORÐURÞING
RIFÓS, KVÍAELDISSTÖÐ Í KELDUHVERFI
DEILISKIPULAG - TILLAGA
SKIPULAGS- OG BYGGINGARSKILMÁLAR

ÚTGÁFA 0.0

17.04.2013

UNNIÐ FYRIR RIFÓS HF.



hönnun-skipulag

Samþykktir.....	3
Forsendur	4
1.1 Almennar upplýsingar.....	4
1.2 Afmörkun skipulagssvæðis og stærð	4
1.3 Saga Rifóss og núverandi aðstæður	5
1.4 Stafsleyfi	5
1.4.1 Varnir gegn mengun ytra umhverfis	6
1.4.2 Umhverfisvöktun.....	6
1.5 Skipulagsleg staða.....	7
1.6 Gögn deiliskipulags	8
1.7 Minjar	8
2 Deiliskipulag	9
2.1 Lóðir	9
2.2 Byggingarreitir	9
2.3 Eldiskvívar í lóni	9
2.4 Samgöngur.....	9
2.4.1 Vegir	9
2.4.2 Bílastæði.....	10
2.5 Veitur og sorp	10
2.5.1 Rafmagn	10
2.5.2 Kalt vatn.....	10
2.5.3 Fráveita.....	10
2.5.4 Sorpgeymslur.....	11
3 Almennir skilmálar	12
3.1 Almennt	12
3.2 Hönnun og uppdrættir.....	12
3.3 Mæliblöð.....	12
3.4 Sorpgeymslur og sorpgámar.....	12
3.5 Frágangur lóða.....	12

4	Sérákvæði.....	13
4.1	Núverandi lóðir og byggingar	13
4.2	C – Fiskeldisker	13
5	Umhverfisskýrsla.....	14
5.1	Tilkynning og matsskylda.....	14
5.2	Áherslur og aðferðarfræði.....	14
5.3	Kynning og samráð	15
5.4	Umhverfisþættir	15
5.5	Umhverfisviðmið	15
5.6	Valkostir.....	16
5.6.1	Landslag.....	16
5.6.2	Heilsa og öryggi	16
5.6.3	Náttúrufarslegir þættir.....	17
5.6.4	Núll kostur	17
5.7	Tengsl við aðrar áætlanir	17
5.8	Samantekt og niðurstaða	17

Samþykktir

Deiliskipulag þetta var samþykkt af skipulags- og byggingarnefnd Norðurþings þann

Deiliskipulag þetta, sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123 / 2010, var samþykkt í bæjarstjórn Norðurþings þann _____

Bæjarstjóri Norðurþings

Deiliskipulag þetta öðlaðist gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda þann

Forsendur

1.1 Almennar upplýsingar

Skilmálar þessir gilda fyrir skipulagssvæðið, en það nær til athafnasvæðis kvíaeldisstöðvarinnar Rifós í Kelduhverfi. (sjá nánar í kafla 1.2).

Hér er lýst almennum upplýsingum um deiliskipulagssvæðið og nágrenni þess.

Verði breytingar á skilmálum þessum, verður þeirra getið í þessari grein, í þeirri röð sem þær verða afgreiddar. Breytingar verða dagsettar og skilmálarnir fá nýtt útgáfunúmer. Fyrsta útgáfa er ónúmeruð, næsta útgáfa er merkt 0.1 ásamt dagsetningu breytinga og svo framvegis. Texti breytinga og/eða viðbóta er skásettur og svartletraður.

1.2 Afmörkun skipulagssvæðis og stærð

Svæðið sem deiliskipulagið nær til er innan þriggja jarða í Kelduhverfi. Jarðirnar eru Fjöll I og II, Lón I og II og Auðbjargarstaðir. Á landi nær skipulagssvæðið aðeins til jarðana Fjöll I og II ásamt Lónum I og II en þar sem jarðirnar allar eiga sameiginlegna nýtingarrétt í lóninu er jörðin Auðbjargarstaðir hluti af skipulagssvæðinu.

Skipulagssvæðið afmarkast í norðri og vestri af bökkum Innra-Lónsins. Í suðri liggja mörk deiliskipulagsins að mestu með bakka Innra-Lónsins en þó að hluta 30 m frá þjóðvegi nr. 8877 (Fjallvegur) sunnan Seiðastöðvar. Þá er vík og hólmar í landi Fjalla I-II utan skipulagssvæðisins. Þess utan liggja mörkin með jarðamörkum þeirra jarða sem skipulagssvæðið nær yfir.

Skipulagssvæðið er alls um 175,0 ha að flatarmáli.



Mynd 1. Afmörkun skipulagssvæðisins.

1.3 Saga Rifóss og núverandi aðstæður

Rifós hf. var stofnað árið 1992 og þá sem laxeldisfyrirtæki. Áður var á svæðinu starfandi laxeldisfyrirtækið ISNO sem var samvinnufyrirtæki Íslendinga og Norðmanna sem stofnað var árið 1982 á grundvelli eldisrannsókna á vegum Fiskifélags Íslands frá árinu 1977. ISNO var lagt niður 1992 en þá keyptu heimamenn starfsemina til að styrkja atvinnulíf í sveitarfélaginu og Rifós hf. varð til.

Mest voru framleidd í stöðinni um 500-600 tonn af laxi en árið 2004 hófust tilraunir með bleikjueldi sem gáfust vel. Frá árinu 2007 hefur bleikjueldi verið um 50% af starfsemi fyrirtækisins. Vegna óstöðugleika á laxamarkaðnum og takmarkaðrar framleiðslugetu vegna smæðar lónsins hefur nú verið ákveðið að fara algjörlega í bleikjueldi og byggja þá starfsemina á landeldi við hliðina á kvíaeldi.

Núverandi byggingar Rifóss eru eftirfarandi, innan hvernar jarðar:

Lón

- Seiðastöð (256,0 m²), byggð árið 1984
- Fiskeldisstöð (545,5 m²), byggð árið 1985
- Sundlaugarhús (37,0 m²), byggt árið 1995. (Sundlaug ekki lengur í notkun)
- Klakhús (36,0 m²), byggt árið 1996
- Fiskeldisker á landi, byggð árið 1987

Fjöll

- Sláturhús (306,2 m²), byggt árið 1987
- Fóðurstöð, geymsla (338,7 m²), byggð árið 1982

Engar byggingar eru innan jarðarinnar Auðbjargarstaðir en allar jarðirnar eiga sameiginlegan nýtingarrétt í lóninu og í því eru 38 eldiskvíar sem mögulegt er að færa til í lóninu.

Hjá fyrirtækinu starfa nú 12 starfsmenn.

1.4 Stafsleyfi

Starfsleyfi fyrir kvíaeldisstöð Rifóss hf. er gefið út af Umhverfisstofnun í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Starfsleyfið er gefið út 19. júlí 2012 og gildir til 31. desember 2027.

Skv. gildandi starfsleyfi er rekstraraðila heimilt að framleiða árlega samanlagt allt að 1000 tonn af laxi og bleikju, þar af allt að 600 tonn af laxi, á ári í sjókvíum í Innra-Lóninu í Kelduhverfi. Einnig er heimilt að reka á staðnum seiðaeldi og sláturhús til eigin nota á eldisstað.

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu.

Hér á eftir er farið yfir helstu ákvæði í gildandi starfsleyfi sem vert er að nefnda í deiliskipulagi.

1.4.1 Varnir gegn mengun ytra umhverfis

Fóðurgjöf og vali á fóðri skal stýrt þannig að myndun úrgangs sé í lágmarki, t.d. með fóðrunarkerfi sem tekur tillit til vaxtarlíkana.

Til að hindra að uppsöfnun fóðurleifa hafi áhrif á heilbrigði eldisstofnsins og umhverfið er rekstraraðila heimilt að flytja eldiskvíarnar til á svæðinu. Sama á við ef þörf krefur vegna hvers kyns yfirvofandi hættu fyrir búnað eða eldisfisk. Hafa skal samráð við eftirlitsaðila þegar kvíarnar eru fluttar til á eldisvæðinu. Halda skal starfsemi í hæfilegri fjarlægð frá annarri mengandi starfsemi og á milli kvía, þannig að mengunaráhrif, svo sem næringarefni, úrgangur eða súrefnisþurrð, valdi ekki skaða í öðrum atvinnurekstri, t.d. öðru sjávareldi. Nota skal traustar og góðar botnfestingar en þó skal forðast að raska botni eftir því sem kostur er.

Rekstraraðili skal nota upplýsingar sem fást með umhverfisvöktun til hliðsjónar við framkvæmd á flutningi eldiskvía.

Fiskeldi má ekki valda fækkun tegunda í lífríki. Rekstraraðila ber að sjá til þess að vatnsgæðum í viðtaka hraki ekki vegna fiskeldis.

Draga skal skipulega úr myndun úrgangs. Ef endurnotkunar- og endurnýtingarmöguleikar eru fyrir hendi skal koma úrgangi í slíka vinnslu ef kostur er. Að öðrum kosti skal lífrænn úrgangur fluttur til viðurkenndrar eyðingar eða urðunar.

1.4.2 Umhverfisvöktun

Rekstraraðili skal taka þátt í vöktun á helstu umhverfispáttum í nágrenni kvíanna í samræmi við umfang losunar fyrirtækisins í þeim tilgangi að meta það álag á umhverfið sem starfsemi veldur. Slíkar mælingar skulu gerðar samkvæmt áætlun sem rekstraraðili leggur fram og Umhverfisstofnun samþykkir. Vakta skal dreifingu á losun mengunarefna til viðtaka og vistfræðilegar afleiðingar hennar. Meta skal umhverfisástand sjávarbotns. Taka skal mið af almennum leiðbeiningum Umhverfisstofnunar og útfæra þær í samræmi við staðbundnar aðstæður.

Fyrirhuguð uppbygging skv. deiliskipulagi þessu er í samræmi við gildandi starfsleyfi.

1.5 Skipulagsleg staða

Í gildi er Aðalskipulag Norðurþings 2010-2030.

Í gildandi aðalskipulagi er undirliggjandi landnotkun innan skipulagssvæðisins *landbúnaður*, fyrir utan lónin sjálf.


Tvö *iðnaðarsvæði* eru skilgreind innan marka deiliskipulaxins (I2) og eru skipulagsákvæðin þessi: *Svæði fyrir fiskeldi og mannvirki og starfsemi því tengd, í samræmi við starfsleyfi hverju sinni.*

Svæðið sem deiliskipulagið nær til fellur undir *grannsvæði vatnsverndar* í gildandi aðalskipulagi og eru skipulagsákvæði þess eftirfarandi: *Á grannsvæðum skal vatnsvernd hafa forgang umfram aðra landnotkun. Þetta á við svæði sunnan Þjóðvegjar, næst upp af helstu linda- og gjásvæðum.*

Meginhluti svæðisins sem deiliskipulagi nær til er á *náttúruminjaskrá, Votlendi við Öxarfjörð*. Lýsing á svæðinu ef eftirfarandi: *Svæðið afmarkast af Lóni í vestri, Skjálftavatni í suðri og þaðan að fyrrverandi hreppamörkum við Núpsvatn. Sjávarlón og gróðurmikil grunn vötn. Stararengjar, keldur og þornaðir árfarvegir. Mikið fuglalíf.*

Ekki er heimilt að byggja nær *stofnvegi* (Þjóðvegur nr. 85) en 100 m og ekki nær öðrum Þjóðvegum en 50 m og verður tekið tillit til þess í deiliskipulagi.

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir skipulagssvæðið en gert er ráð fyrir að deiliskipulag verði í samræmi við gildandi aðalskipulag.



Mynd 2. Hluti aðalskipulags Norðurþings 2010-2030.

1.6 Gögn deiliskipulags

Deiliskipulag fyrir Rifós samanstendur af eftirtöldum gögnum:

- Greinargerð með forsendum og skipulags- og byggingarskilmálum.
- Deiliskipulagsuppráttur í mælikvarða 1:5000 ásamt tveimur séruppráttum í mælikvarða 1:2000.

1.7 Minjar

Skv. fornleifaskrá sem unnin hefur verið fyrir Kelduhverfi eru sex minjastaðir innan þeirra jarða sem deiliskipulagið nær til, en engin þessara minja er innan skipulagssvæðisins.

Samkvæmt Þjóðminjalögum nr. 107/2001 eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski.

Í 10. grein laganna segir:

Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.

Ekki er heimilt að hrófla við fornleifum, sbr. 10. gr. þjóðminjalaga. Ef minjar finnast á svæðinu og skal Fornleifavernd ríkisins tilkynnt um slíka fundi.

2 Deiliskipulag

Viðfangsefni deiliskipulagsins er að gera deiliskipulag fyrir núverandi og fyrirhugaða starsemi Rifóss.

2.1 Lóðir

Lóðarmörk eru sýnd á skipulagsupprætti og stærð lóðar skráð. Þessar upplýsingar eru til viðmiðunar, en nánar er gerð grein fyrir lóðarmörkum, málsetningu lóðar og lóðarstærð á mæliblaði. Þar sem misræmi er gildir mæliblað.

Engar skilgreindar lóðir eru til innan skipulagssvæðisins en í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir tveimur lóðum og innan þeirra eru staðsett þau mannvirki sem tilheyra núverandi og fyrirhugaðri starsemi Rifóss.

2.2 Byggingarreitir

Á skipulagsupprætti eru sýndir byggingarreitir á lóðum og skulu byggingar byggðar innan þeirra.

2.3 Eldiskvívar í lóni

38 eldiskvívar eru staðsettar í Innra-Lóninu og fer hluti af starfsemi Rifóss fram í þeim.

Skv. gildandi starfsleyfi er rekstraraðila heimilt að flytja eldiskvíarnar til í lóninu til að hindra að uppsöfnun fóðurleifa hafi áhrif á heilbrigði eldisstofnsins og umhverfið og ef þörf krefur vegna hvers kyns yfirvofandi hættu fyrir búnað eða eldisfisk.

Hafa skal samráð við eftirlitsaðila þegar kvíarnar eru fluttar til á eldisvæðinu.

Á deiliskipulagsupprætti er skilgreint svæði og innan þess er heimilt að staðsetja eldiskvíarnar og flytja þær til. Utan þessa svæðis er óheimilt að staðsetja eldiskvívar.

Stærð þess svæðis sem heimilt er að staðsetja eldiskvívar er 25 ha.

2.4 Samgöngur

2.4.1 Vegir

Þjóðvegur nr. 85 (Norðausturvegur) liggur norðan og austan við skipulagssvæðið. Frá honum liggur vegur nr. 8877 (Fjallvegur) sunnan skipulagssvæðisins og að þeim jörðum sem að hluta til eru innan skipulagssvæðisins. Frá þeim vegi eru á tveimur stöðum aðkomuvegir inn á skipulagssvæðið, annarsvegar að seiða- og fiskeldisstöð og hinsvegar að sláturhúsi og fóðurstöð.

Ekki er gert ráð fyrir nýjum vegum í deiliskipulagið þessu.

Ekki er heimilt að byggja nær stofnvegi en 100 m og ekki nær öðrum þjóðvegum en 50 m og er tekið tillit til þess í tillögu að deiliskipulagi.

2.4.2 *Bílastæði*

Bílastæði skulu almennt vera í samræmi við kafla 6.2 byggingareglugerðar nr. 112/2012.

2.5 *Veitur og sopp*

2.5.1 *Rafmagn*

RARIK sér svæðinu fyrir rafmagnni með jarðstrengjum. Sunnan skipulagssvæðisins er raflína RARIK og frá henni liggja jarðstrengir að þeim tveimur svæðum þar sem Rifós er með starfsemi.

Samráð skal haft við RARIK vegna framkvæmda í nánd við núverandi raflínu.

Gert er ráð fyrir að öll hús verði kynnt með rafmagnni.

2.5.2 *Kalt vatn¹*

Fjórar borholur eru á skipulagssvæðinu og sjá þær stöðinni fyrir því ferskvatni sem þörf er á. Borholurnar voru boraðar árið 1987 og er dýpi þeirra 10 - 12,5 m Vatnsmagnið úr þessum fjórum holum er um 100 lítrar á sek. og er hitastig vatnsins 9-10°C.

Gert er ráð fyrir að borholur verði endurvirkjaðar og hafðar verði tvær dælur á hverri holu. Þörf er á auknu vatnsmagnni vegna fyrirhugaðra framkvæmda en með þessum aðgerðum er gert ráð fyrir að vatnsmagnið verði allt að 600 lítrar á sek.

Grunnvatn á svæðinu er ættað undan Stóravítishrauni. Heildarrennsli um Lónsós er ríflega 20 m³/s þannig að notkun fiskeldisstöðvarinnar er ekki nema brot af heildinni.

2.5.3 *Fráveita*

Þrjár rotþrær eru skipulagssvæðinu og eru þær staðsettar við seiðastöð, sláturhús og fóðurstöð. Ekki er gert ráð fyrir fleiri rotþróum í deiliskipulagi. Aðgengi að rotþróum er þannig að auðvelt er fyrir ökutæki að komast að til tæmingar og eftirlits.

Kerfið er í samræmi við byggingarreglugerð nr. 112/2012 og reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skolp. Frágangur siturlagna, rotþróar og frárennslis skal vera vandaður í alla staði, þannig að engin mengun stafi af.

Samráð skal haft við Norðurþing vegna framkvæmda í nánd við núverandi lagnir, og möguleika á færslu lagna.

Skv. gildandi stafsleyfi skal fyrir 1. október 2013 vera búið að setja upp settjörn, tromlusíu eða annan sambærilegan búnað sem gróflega hreinsar frárennslis frá seiðastöð.

¹ Þórólfur H. Hafstað (2012). *Rifós við Lón í Kelduhverfi. Afkastamæling á ferskvatnsholum*. Íslenskar orkurannsóknir, greinargerð, ÞHH 27. september 2012 (ÍSÖR-12062)

Skv. gildandi stafsleyfi skal frárennsli frá sláturhúsi skal hreinsað fyrir losun í viðtaka. Hreinsunin skal að lágmarki miðast við hreinsun með sigti og notkun fituskilju eða sambærilega tækni. Allur fljótandi úrgangur frá vinnslu fer í gegnum fitugildru og þaðan í settjörn og jarðvegssíu (möl og sand) áður en það berst út í lónin. Fitugildra og rotprær er losaðar minnst tvisvar á ári.

Fráveita frá fyrirhuguðum fiskeldiskerjum skal vera með sama hætti og núverandi fráveita. Skv. gildandi starfsleyfi ber rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu.

Rekstraraðili skal nota bestu fánlegu tækni (BAT) sem skilgreind hefur verið við mengunarvarnir og nýta vel orku og vatn.

2.5.4 Sorpgeymslur

Allur fastur úrgangur sem ekki tengist starseminni fer í sorpgám.

3 Almennir skilmálar

3.1 Almenn

Hér er lýst almennum skilmálum sem gilda að jafnaði um allar byggingar og framkvæmdir í tengslum við deiliskipulag þetta.

3.2 Hönnun og uppdrættir

Húsagerðir eru frjálssar að öðru leyti en því sem mæliblöð, hæðarblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð og aðrar reglugerðir segja til um.

Þar sem hús eru samtengd skal samræma útlit, þakform, lita- og efnisval.

Á aðaluppdráttum skal sýna skipulag lóðar í aðalatriðum, hæðartölur á landi við hús og á lóðarmörkum, skjólveggi á lóð og annað það sem máli skiptir fyrir útlit og fyrirkomulag mannvirkja á lóðinni sbr. byggingarreglugerð (112/2012).

3.3 Mæliblöð

Mæliblöð sýna stærðir lóða, lóðamörk, byggingarreiti húsa, fjölda bílastæða á lóð, kvaðir ef einhverjar eru o.fl. Allir megin hlutar húss skulu standa innan byggingarreits, eins og hann er sýndur á mæliblaði fyrir hverja lóð. Byggingarreitir sýnir lágmarksfjarlægð frá lóðarmörkum.

Mæliblöð sýna einnig viðmiðunarhæðir gangstétta og gatna við lóðarmörk, sem er þá einnig lóðarhæð á þessum mörkum.

3.4 Sorpgeymslur og sorpgámar

Sorpgeymslur skulu almennt vera í samræmi við kafla 6.12 í byggingareglugerð (112/2012).

3.5 Frágangur lóða

Frágangur lóða skal almennt vera í samræmi við kafla 7.2 í byggingareglugerð (112/2012).

Lóðarhafi sér sjálfur um framkvæmdir og frágang á sinni lóð og ber ábyrgð á að þær séu í samræmi við samþykktar teikningar og hæðartölur skv. mæliblaði.

Lóðarhafi skal ganga frá lóð sinni meðfram opnum svæðum í þeirri hæð, sem sýnd er á mæliblöðum, og bera allan kostnað af því.

4 Sérákvæði

4.1 Núverandi lóðir og byggingar

Gert er ráð fyrir að öll hús sem þegar standa á skipulagssvæðinu standi þar áfram. Byggingarreitir er skilgreindir innan lóða og ná þeir utan um núverandi byggingar auk þeirra stækkunarmöguleika sem eru innan hverrar lóðar.

Heimilt er að endurbyggja núverandi hús að hluta eða öllu leiti innan byggingarreits. Hámarks byggingarmagn og hæð húsa skal vera í samræmi við núverandi hús.

Hámarkshæð viðbygginga á hverri lóð skal ekki fara yfir núverandi hæð aðalbyggingar.

4.2 C – Fiskeldisker

Innan byggingarreitsins er heimilt að koma fyrir 4 staðsteyptum fiskeldiskerjum, sem hvert um sig er allt að 15 m í þvermál og 500 m³ að rúmtaki, ásamt tilheyrandi búnaði.

Kerin verða staðsett austan núverandi vegar sem liggur að Seiðastöð og gert er ráð fyrir að botn kerja verði um 1,0 m undir yfirborðshæð aðliggjandi vegar.

Hámarksvegghæð kerja frá botni er 4,0 m, eða 3,0 m yfir yfirborðshæð aðliggjandi vegar. Heimilt er að hafa göngubrú ofan á kerjum og skal handrið vera a.m.k. 0,9 m að hæð frá brúargólfi. Heimilt er að byggja þak ofan á kerin og er hámarkshæð þaks 2,5 m yfir vegghæð kerja. Þakhæð er að hámarki sú sama og hæð á turni fiskeldisstöðvar eða 5,15 m yfir yfirborðshæð aðliggjandi vegar.

Staðsetning mannvirkja innan byggingarreits er frjáls.

5 Umhverfisskýrsla

Megintilgangur þessarar umhverfisskýrslu er að greina frá helstu mögulegum umhverfisáhrifum sem framkvæmd skv. deiliskipulagsi þessu er líkleg til að hafa á umhverfið. Þá er reynt að segja til um það hvort þessi áhrif í heild sinni geti orðið veruleg í skilningi laga nr. 105/2006 um mat á umhverfisáhrifum áætlana.

Í 1. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 kemur fram að markmið þeirra sé að stuðla að sjálfbærri þróun, draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og stuðla að því að við gerð framkvæmda- og skipulagsáætlana sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða. Markmið með matsvinnunni er jafnframt að sýna fram á að við gerð deiliskipulagstillögu hafi verið litið til helstu afleiðinga fyrir umhverfið.

Matsvinna var unnin samhliða deiliskipulagsvinnu. Í matsvinnu var skoðað hvernig tillaga að deiliskipulagi kann að hafa áhrif á umhverfið.

Mismunandi valkostir voru ekki til samanburðar í þessu umhverfismati.

5.1 Tilkynning og matskylda

Árið 2009 tilkynnti Rifós hf. um breytingu á fiskeldi félagsins í Lóni í Kelduhverfi til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 1g og 13a í 2. viðauka laganna.

Breytingin fólst í því að auka framleiðslu á laxi í allt að 700 tonn á ári (var áður 500 tonn á ári) og að auka framleiðslu á bleikju í allt að 500 tonn á ári (var áður 200 tonn á ári), en þó verði heildarframleiðslan aldrei meira en 1.000 tonn á ári.

Niðurstaða Skipulagsstofnunar var að stækkun á fiskeldi Rifóss hf. í Lóni í Kelduhverfi úr 700 tonnum í allt að 1.000 tonn á ári sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

5.2 Áherslur og aðferðarfræði

Í vinnu við deiliskipulag var farið yfir hvaða þætti væri æskilegt að skoða m.t.t. umhverfisáhrifa, hversu nákvæmlega og hvaða umhverfisþættir og viðmið yrðu lögð til grundvallar við mat á umhverfisáhrifum deiliskipulagsins.

Umhverfisskýrslan er unnin í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 sem og leiðbeiningar Skipulagsstofnunar sama efnis.

Við umhverfismat deiliskipulagsins var stuðst við þær upplýsingar sem liggja fyrir um grunnsástand umhverfis og koma fram í ákvörðun um matskyldu frá Skipulagsstofnun og í starfsleyfi fyrir starsemina frá árinu 2012.

Framsetning umhverfismats er í formi texta og venslataflna.

5.3 Kynning og samráð

Samráð var haft við Skipulagsstofnun um umfang og áherslur umhverfismats deiliskipulagsins, eins og lög um umhverfismat áætlana gera ráð fyrir.

Samráð verður haft við eftirfarandi umsagnaraðila á eða fyrir auglýsingartíma deiliskipulagsins:

- *Skipulagsstofnun*
 - *Skipulagsstofnun er lögbundinn umsagnaraðili við umhverfismats áætlana skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.*
- *Umhverfisstofnun*
 - *Vegna mögulegra umhverfisáhrifa og sem lögbundinn umsagnaraðili við umhverfismat áætlana skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.*

5.4 Umhverfisþættir

Í umhverfisskýrslu deiliskipulags eru eftirfarandi umhverfisþættir metnir m.t.t. umhverfisáhrifa:

- *Landslag*
 - *Sjónræn áhrif*
- *Heilsa og öryggi*
 - *Mengun*
- *Náttúrufarslegir þættir*
 - *Vatn og vistkerfi*

Aðrir umhverfisþættir eru ekki taldir muni verða fyrir áhrifum innan deiliskipulagssvæðisins.

Gerð verður grein fyrir mögulegum mótvægisáðgerðum þar sem að umhverfisáhrif eru í einhverjum af áðurtöldum þáttum talin vera veruleg.

5.5 Umhverfisviðmið

Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða sem vísir sem notaður er til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem deiliskipulagstillagan hefur í för með sér.

Í deiliskipulagi eru eftirfarandi umhverfisviðmið lögð til grundvallar:

- *Aðalskipulag Norðurlþings 2010-2030*
- *Skipulagslög nr. 123/2010*
- *Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006*
- *Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000*
- *Reglugerð um mengunarvarnareftirlit nr. 786/1999*
- *Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*

Við greiningu hugsanlegra umhverfisáhrifa er notast við þau hugtök sem skilgreind eru í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi áhrifa. Við matið verður notast eftirfarandi skilgreiningar á vægi:

- (+) *Jákvæð áhrif á umhverfisþátt.*
 - *Deiliskipulag styður viðmið viðkomandi umhverfisþátta.*
- (0) *Óveruleg áhrif á umhverfisþátt.*
 - *Deiliskipulag hefur ekki teljandi áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.*
- (-) *Neikvæð áhrif á umhverfisþátt.*
 - *Deiliskipulag vinnur gegn viðmiðum viðkomandi umhverfisþátta.*

5.6 Valkostir

Borin eru saman möguleg umhverfisáhrif vegna framkvæmdar deiliskipulagsins við líklega þróun umhverfis án framfylgdar þess, núll kost.

5.6.1 Landslag

- *Sjónræn áhrif*

Sjónræn áhrif fyrirhugaðrar uppbyggingar skv. deiliskipulagi eru talin óveruleg. Fyrir eru á svæðinu byggingar, eldisker á landi, eldiskvíar í lóni ásamt öðrum mannvirkjum vegna núverandi starfsemi Rifós. Einu nýju mannvirkin skv. deiliskipulagi eru fjögur ný eldisker og verður hæð þeirra og umfang í skala við þau mannvirki sem fyrir eru á svæðinu. Vegna þess er ekki talið að sjónræn áhrif uppbyggingar skv. deiliskipulagi verði neikvæð í skilningi laga um umhverfismat áætlana.

5.6.2 Heilsa og öryggi

- *Mengun*

Í gildi er starfsleyfi fyrir Rifós sem gildir út árið 2027. Í gildandi starfsleyfi eru ýmis skilyrði sett fyrir rekstri stöðvarinnar, m.a. hvað varðar varnir gegn mengun (sjá nánar í kafla 1.4.1).

Meðal skilyrða í gildandi starfsleyfi:

- Fóðurgjöf og vali á fóðri skal stýrt þannig að myndun úrgangs sé í lágmarki.
- Til að hindra að uppsöfnun fóðurleifa hafi áhrif á heilbrigði eldisstofnsins og umhverfið er rekstraraðila heimilt að flytja eldiskvíarnar til á svæðinu
- Fiskeldi má ekki valda fækkun tegunda í lífríki. Rekstraraðila ber að sjá til þess að vatnsgæðum í viðtaka hraki ekki vegna fiskeldis.
- Draga skal skipulega úr myndun úrgangs. Ef endurnotkunar- og endurnýtingarmöguleikar eru fyrir hendi skal koma úrgangi í slíka vinnslu ef kostur er. Að öðrum kosti skal lífrænn úrgangur fluttur til viðurkenndrar eyðingar eða urðunar.

Þá ber rekstraraðili skal taka þátt í vöktun á helstu umhverfisþáttum í nágrenni kvíanna í samræmi við umfang losunar fyrirtækisins í þeim tilgangi að meta það álag á umhverfið sem starfsemin veldur. Vakta skal dreifingu á losun mengunarefna til viðtaka og vistfræðilegar afleiðingar hennar ásamt því að meta umhverfisástand sjávarbotns.

Rifós hefur látið útbúa viðbragðsáætlun og áhættumat vegna bráðamengunarmengunar.

Fyrirtækið hefur hingað til farið eftir þeim skilyrðum sem sett eru og engin ástæða er til að ætla að breyting verði þar á. Vegna þess er talið að áhrif á mengun skv. deiliskipulagi verði óveruleg.

5.6.3 Náttúrufarslegir þættir

- *Vatn og vistkerfi*

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 4 nýjum kerjum fyrir fiskeldi. Þegar þessi ker eru komin í notkun mun hluti þeirrar starfsemi stöðvarinnar sem fram fer í kerjum í lóninu færast í þessi nýju ker á landi. Ástæða þess er að hitastig í lóninu er of lágt yfir vetrartímam til þess að fiskurinn vaxi nógu vel en með kerjum í landi má hafa hitastig vatnsins eins og best verður á kosið.

Með þerri aðgerð að minnka starfsemi í lóninu er verið að minnka líffræðilegt álag á lónið og því eru áhrif á vistkerfi talin jákvæð í skilningi laga um umhverfismat áætlana.

Gert er ráð fyrir að borholur verði endurvirkjaðar og með því aukist vatnsmagn frá þeim úr 100 l/s í 600 l/s. Heildarrensli grunnvatns um Lónsós er ríflega 20 m³/s (20.000 l/s) og þrátt fyrir þessa aukningu er notkun fiskeldisstöðvarinnar ekki nema brot af heildarrensli grunnvatns á svæðinu. Vegna þess er ekki er talið að ferskvatnsöflun með borholum hafi neikvæð umhverfisáhrif á grunnvatn í skilningi laga um umhverfismat áætlana.

5.6.4 Núll kostur

Núll kostur er sá möguleiki að ekki verði ráðist í framkvæmd skv. deiliskipulagi og að núverandi ástand muni ríkja áfram innan deiliskipulagssvæðisins.

Í öllum tilfellum er núll kostur, núverandi ástand, talin hafa óveruleg áhrif á umhverfisþætti.

5.7 Tengsl við aðrar áætlanir

Deiliskipulagið er í samræmi við aðalskipulag Norðurlands 2010-2030 og fellur að þeim markmiðum sem sett eru fram í aðalskipulaginu.

5.8 Samantekt og niðurstaða

Niðurstaða þessarar umhverfisskýrslu er sú að deiliskipulagið í heild muni hafa í för með sér óveruleg áhrif á umhverfið, en jákvæð áhrif á vatn og vistkerfi.

Samantekt um umhverfisáhrif má sjá í töflu hér að neðan.

<i>Umhverfispættir</i>		<i>Rifós skv. deiliskipulagi</i>	<i>Núll kostur</i>
<i>Landslag</i>	Sjónræn áhrif	0	0
<i>Heilsa og öryggi</i>	Mengun	0	0
<i>Náttúrufarslegir þættir</i>	Vatn og vistkerfi	+	0